

162. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME fimmtudaginn 24. nóvember 2022 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson, Magnús Jónsson, Björg Eyþórsdóttir sem varamaður Stefáns Boga Sveinssonar, Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður Þuríðar Lillýjar Sigurðardóttur og Sigrún Birna Björnsdóttir sem var á Teams. Auk þessu mættu áheyrnarfulltrúarnir: Fjóla Orradóttir f.h. foreldra, Kristín Matthildur Úlfarsdóttir f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 161. fundar undirrituð og staðfest.
2. Gangurinn í starfinu í lok haustanna.
3. Starfsmannamál voranna 2023.
4. Fjárhagsáætlun og stefnuskjal skólans 2023-2025.
5. Framkvæmdir á næstunni
6. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 161. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 161. fundar var undirrituð og staðfest.

2. Gangurinn í starfinu við lok haustanna

Skólameistari sagði frá starfinu. Vali fyrir vorönn er lokið. Blokkataflan er tilbúin. Kristín Matthildur sagði frá starfi NME sem hefur gengið með ágætum. Miðvikudagsviðburðir hafa verið haldnir vikulega og eru vinsælir. ME-boltinn er vel sóttur. Uppistandsviðburður var í gærkvöldi. Kósý piparkökukvöld verður í næstu viku. 1. des. verður haldinn hátíðlegur með mat og skemmtun en engum dansleik. Leikrit verður frumsýnt í febrúar. Búið er að skipa í hlutverk. Leikstjórinn verður María Pálsdóttir og hún kemur í janúar. Haldið var Pallaball á Eskifirði í samvinnu við VA þar sem mættu 180 manns og allir blésu og voru edrú. Útskriftarefni eru um 26. Náms og kennsla gengur almennt vel. Skólaalmanaki hefur verið breytt þannig að útskrift verður 20. maí á laugardegi. Kennt verður föstudaginn eftir sumardaginn fyrsta sem á upphaflegu plani var starfsdagur kennara.

3. Starfsmannamál vorsins

Stefanía Ósk Sveinbjörnsdóttir er í sjúkraleyfi en ekki er vitað hvenær því lýkur. Magnús Helgason er einnig í sjúkraleyfi og verður fram á vorönn. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir mun leysa af.

4. Fjárhagsáætlun og stefnuskjal skólans 2023-2025

Skólameistari ræddi fjárhagsstöðu skólans sem er ágæt. 50 dagskólanemendur bættust við í haust og það gerir reksturinn hagkvæmari. Umtalsverður halli var á rekstri á síðasta ári vegna Covid og fleiri óviðráðanlegra ástæðna og skólinn hefur verið að vinna úr því. Undanfarið hefur verið unnið að áætlanagerð til að senda til ráðuneytis. Í fjárlögum fyrir næsta ár kom fram auka krafa upp á 15 m.kr. í sértekjur sem viðræður standa yfir við ráðuneytið um hvernig verður mætt. Það þýðir að líkindum aukinn samdrátt og hagræðingu. Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlunina sem verður send ráðuneyti á næstu dögum ásamt stefnuskjali. Skólanefnd samþykkti áætlunina en áréttaði að skólameistari ræddi ítarlega þessa kröfu um auknar sértekjur við ráðuneytið. Einnig var farið yfir stefnuskjalið sem hafði verið sent skólanefnd fyrir fund og gerði nefndin ekki athugasemdir við það.

Undir þessum lið var einnig rætt um að auka þurfi framboð á verknámi og leggja vinnu í undirbúning og að fá fjármagn til þess.

5. Næstu framkvæmdir

Skólameistari sagði frá að verið væri að taka eðlis- og efnafræðistofuna í gegn og endurnýja tæki. Loft í heimavistarhúsnæði og salerni verða einnig endurnýjuð á næstu mánuðum.

6. Önnur mál

- Kristín benti á að kynlaust klósett vantaði í kennslubygginguna. Skólanefnd fól skólameistara að gera bragarbót á því í samræmi við tillögur nemenda.
- Formaður bað skólameistara um að gera stefnuskjöl, verklagsreglur, ytra-mat og fleiri skjöl aðgengileg fyrir nýja nefndarmenn til að kynna sér.
- Spurt var um umbótaáætlun í kjölfar ytra mats. Skólameistari sagði að hún hefði verið unnin og fengið samþykki ráðuneytis. Áætlunin verður sett inn á nefndarmöppuna.
- Kennarafundargerðir og aðrar fundargerðir sem skólanefnd á að kynna sér verða einnig settar í skjalamöppu nefndarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.15

Skúli Björn Gunnarsson




Björg Eypórsdóttir



Magnús Jónsson



Sigrún Birna Björnsdóttir



Þorvaldur P. Hjarðar

